

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2026/96****2026/EES/36/18****frá 15. janúar 2026****um leyfi fyrir sellerifræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr  
*Carum carvi* L. sem fõðuraukefni fyrir tiltekna dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fõðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fõður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup>.
- 2) Efnin sellerifræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. voru leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fõðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fõðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir sellerifræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. sem fõðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og í virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnin yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun þessara aukefna í drykkjarvatn.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstõðu í álitum sínum frá 27. júní 2024 <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> að sellerifræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. séu ekki áhyggjuefni við tiltekinn hámarksstyrk sem er frekar tilgreindur fyrir hverja tegund. Hins vegar var ekki hægt að komast að niðurstõðu fyrir ketti, skrautfiska og aðrar tegundir. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstõðu að sellerifræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. sé örugg fyrir neytendur og ekki er búist við að hún skapi áhættu fyrir umhverfið við tillagt notkunarmagn í fõður. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstõðu að kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. sé örugg fyrir neytendur og umhverfið við tillagt notkunarmagn í fõður. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstõðu að sellerifræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. eru viðurkenndar sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fõðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstõðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fõðuraukefnin í fõðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/96, 16.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fõðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj>).

(3) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 22 7, e8907, <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8907>.

(4) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 22 7, e8906, <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8906>.

- 6) Umsækjandinn dró síðan umsóknina um leyfi fyrir sellerífræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. til baka fyrir allar dýrategundir og -flokka að undanskildum eldiskalkúnum, eldiskjúklingum og aukategundum alifugla til eldis, öllum alifuglum sem eru aldir til varps eða undaneldis, skrautfuglum, öllum alifuglum til varps eða undaneldis, eldisvínnum, eldisvínnum af aukategundum svína, grísum (spenagrísum og fráfarugrísum) af öllum svínategundum, öllum svínategundum til undaneldis, eldiskálfum, sauðfé og geitum, eldisnautgripum, öðrum jörturdýrum til eldis og öllum öðrum jörturdýrum, dýrum af úlfaldaætt til eldis og öllum öðrum dýrum af úlfaldaætt, dýrum af hestaætt, dýrum af héraætt, laxfiskum, aukategundum fiska og hundum.
- 7) Í ljósi ofangreinds telur framkvæmdastjórnin að sellerífræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar eldiskalkúna, eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, alla alifugla sem eru aldir til varps eða undaneldis, skrautfugla, alla alifugla til varps eða undaneldis, eldisvín, eldisvín af aukategundum svína, grísi (mjólkurgrísi og fráfarugrísi) af öllum svínategundum, allar svínategundir til undaneldis, eldiskálfa, sauðfé og geitur, eldisnautgripi, önnur jörturdýr til eldis og öll önnur jörturdýr, dýr af úlfaldaætt til eldis og öll önnur dýr af úlfaldaætt, dýr af hestaætt, dýr af héraætt, laxfiska, aukategundir fiska og hunda. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara aukefna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 8) Að því er varðar sellerífræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. telur Matvælaöryggisstofnunin að tilvist efna sem gefa tilefni til áhyggna, perillaldehyðs og fúrókúmaríns, krefjist fastsetningar á hámarksinnihaldi aukefnisins í heilfóðri og að blöndun sellerífræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. við önnur plöntuaukefni sé leyfð að því tilskildu að styrkur perillaldehyðs og fúrókúmaríns í fõðurefnum og fõðurlöndum sé áfram minni en sá sem myndi leiða af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir viðkomandi tegund eða flokk dýra. Að því er varðar kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. telur Matvælaöryggisstofnunin að tilvist efnis sem gefur tilefni til áhyggna, perillaldehyðs, krefjist fastsetningar á hámarksinnihaldi aukefnisins í heilfóðri og að blöndun kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. við önnur plöntuaukefni sé leyfð að því tilskildu að styrkur perillaldehyðs í fõðurefnum og fõðurlöndum sé áfram minni en sá sem myndi leiða af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir viðkomandi tegund eða flokk dýra. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.
- 9) Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð þar sem þess er krafist að fõðuruakefni verði tekin af markaði sem engar umsóknir voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Að sama skapi ætti að samþykkja reglugerð varðandi fõðuruakefni þar sem umsókn var lögð fram en síðan dregin til baka.
- 10) Ef um er að ræða fõðuruakefni þar sem umsókn hefur verið dregin til baka fyrir tiltekna dýrategundir eða -flokka ætti brotthvarf af markaði einungis að varða þessar dýrategundir eða -flokka.
- 11) Þess vegna ætti að taka sellerífræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. af markaði að því er varðar dýrategundir og -flokka sem falla ekki undir leyfið sem veitt er með þessari reglugerð.
- 12) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 13) Að því marki sem fõðuruakefnin eru tekin af markaði er auk þess einnig viðeigandi að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af aukefnunum, forblöndum, fõðurefnum og fõðurlöndum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum þar til þær eru uppnar, einnig að því er varðar þær dýrategundir og flokka dýra sem falla ekki undir leyfið sem veitt er með þessari reglugerð, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að þeirri skyldu að taka þessar vörur af markaði.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fõður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í föður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

### Taka af markaði

Fóðurukefnin sellerifræsilmkjarnaolía úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolía úr *Carum carvi* L., eins og þau eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, skulu tekin af markaði að því er varðar dýrategundir og -flokka, aðra en þá sem um getur í viðaukanum.

3. gr.

### Umbreytingarráðstafanir í tengslum við leyfið

1. Fóðurukefnin sellerifræsilmkjarnaolía úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolía úr *Carum carvi* L., eins og þau eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnin, sem eru ætluð fyrir eldiskalkúna, eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, alla alifugla sem eru aldir til varps eða undaneldis, skrautfugla, alla alifugla til varps eða undaneldis, eldisvín, eldisvín af aukategundum svína, grísi (spenagrísi og fráfarigrísi) af öllum svínategundum, allar svínategundir til undaneldis, eldiskálfa, sauðfé og geitur, eldisnautgripi, önnur jörturdýr til eldis og öll önnur jörturdýr, dýr af úlfaldaætt til eldis og öll önnur dýr af úlfaldaætt, dýr af hestaætt, dýr af héraætt, laxfiska, aukategundir fiska, hunda og sem eru framleidd og merkt fyrir 5. ágúst 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. febrúar 2026 má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppnar.

2. Föðurböndur og föðurefni sem innihalda fóðurukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. febrúar 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Föðurböndur og föðurefni sem innihalda fóðurukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. febrúar 2028 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

### Umbreytingarráðstafanir í tengslum við töku af markaði

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðurukefninum sellerifræsilmkjarnaolíu úr *Apium graveolens* L. og kúmenilmkjarnaolíu úr *Carum carvi* L. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en sem um getur í viðaukanum, til 5. febrúar 2027.

2. Forblöndur sem eru framleiddar með fóðurukefninum sem um getur í 1. mgr. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum, til 5. maí 2027.

3. Föðurböndur og föðurefni, sem eru framleidd með fóðurukefninu sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum, til 5. febrúar 2028.

5. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VÍÐAUKI

Kenninúmer föðurauf- kefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Ónnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald		
					mg aukefnis/kg heilföðurs með 12% rakammihald			
<b>Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni</b>								
2b52-eo	Sellerifræsilm kjarnaolía	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Ilmkjarnaolía úr aldinum <i>Apium graveolens</i> L.</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Sellerifræsilmkjarnaolía:</p> <p>Ilmkjarnaolía eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1) sem er fengin úr aldinum <i>Apium graveolens</i> L. með gufueimingu og frekari þéttingu rokjamra innihaldsefna og aðskilnaði frá vatnsfasanum með afhellingu.</p> <p>CAS-númer: 8015-90-5 EINECS-númer: 289-668-4 FEMA-númer: 2271 CoE-númer: 52</p>	Eldiskalkúnar	-	-	2,1	1. Aukefnið skal notað í föður í formi forblöndu.	Leyfi rennur út 5. febrúar 2036
			Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis	-	-	1,6	2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskið og stöðugleika við hitameðhöndlun.	
			Allir alifuglar sem eru aldir til varps eða til undaneldis	-	-	1,6	3. Blöndun sellerifræsilmkjarnaolíu við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að styrkur perillaldehyðs og fúrókúmaríns í fódurefnum og fódurböndum sé minni en sá sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarks magni eða tillögðu magni fyrir viðkomandi tegund eða flokk dýra.	
			Skrautfuglar	-	-	1,6		
			Allir alifuglar til varps eða til undaneldis	-	-	2,3		
			Eldissvín	-	-	3,3		
			Eldissvín af aukategundum svína	-	-	2,8		
			Fráfærugrisir og spenagrisir af öllum sýnategundum	-	-	2,8		

Kenninúmer föðurauf- kefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Leyfi rennur út
					Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	
							Önnur ákvæði
		Nákvæm skilgreining: d-límónen: 35–79% β-selínen: 5–20% Senkýunóllíð A: 1,5–22% β-pínen (pín-2(10)-en): 0,3–2% Perillaldehyð: ≤ 0,025% Fúrókúmarín: — Bergapten: ≤ 0,001% — Psóralen: < 0,00025% — Xantónín: < 0,00025% — Ísópimpinellín: < 0,00025% — Ísóimperatórín: < 0,0005% <i>Greiningaraðferð</i> (2) Til að ákvarða límónen (plöntuefnafraeðilegt merkiefni) í föðuraukefninu: — gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (ISO 3760)	Öll svín til undaneldis	-	4,1		
			Eldiskálfar	6 mánuðir	-	6,5	
			Sauðfé og geitur	-	-	6,2	
			Eldisnautgripir, önnur eldisjörturdýr að undanskildu sauðfé, geitum og eldiskálfum allt að 6 mánaða gömlum; dýr af úlfaldaett til eldis	-	-	6,2	
			Öll önnur jörturdýr, öll önnur dýr af úlfaldaett	-	-	4	
			<i>Dýr af hestaett</i>	-	-	6,2	
			<i>Dýr af héraett</i>	-	-	2,5	
			Laxfiskar og aukategundir fiska	-	-	6,8	
			Hundar	-	-	7,2	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: [https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports\\_en](https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en).

Kenninúmer föðurauf- kefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilföðurs með 12% rakainnihald		
<b>Flokkur: Skeyræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni</b>							
2b112-eo	Kúmenilm- kjarnaolía	<p><i>Samsetning aukefnis</i>                      Ilmkjarnaolía úr aldinum <i>Carum carvi</i> L.                      Vökvaform  <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i>                      Kúmenilmkjarnaolía:                      Ilmkjarnaolía eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (!) sem er fengin úr þurrkuðum þroskuðum aldinum <i>Carum carvi</i> L. með gufucimingu og frekari þéttingu rokgyarna imnihaldsefna og aðskilnaði frá vatnsfasanum með afhellingu.                      CAS-númer: 8000-42-8                      EINECS-númer: 288-921-6                      FEMA-númer: 2238                      CoE-númer: 112                      Nákvæm skilgreining:                      — d-karvón: 45–65%                      — d-límónen: 30–50%</p>	Eldiskalkúnar	-	-	12	Önnur ákvæði  1. Aukefnið skal notað í föður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskiyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun kúmenilmkjarnaolíu við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að styrkur perillaldehyðs í föðurefnum og föðurböndum sé minni en sá sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarks magni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra.
			Eldiskjúklíngar og aukategundir alifugla til eldis	-	-	9	
			Allir alifuglar sem eru aldir til varps eða til undaneldis	-	-	9	
			Skrautfuglar	-	-	9	
			Allir alifuglar til varps eða til undaneldis	-	-	13	
			Eldissvín	-	-	19	
			Eldissvín af aukategundum svína	-	-	16	
			Fráfærugrisir og spenagrisir af öllum svínategundum	-	-	16	
			Öll svín til undaneldis	-	-	24	

Kenninúmer föðurauf- kefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Leyfi rennur út
					Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	
		— Perillaldehyð: ≤ 0,5% <i>Greiningaraðferð</i> (2) Til að ákvarða límónen og karvón (plöntu- efnafræðileg merkiefni) í föðuraufkefninu: — gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 1817)	Eldiskálfiar	6 mánuðir	-	35	Önnur ákvæði
			Sauðfé og geitur	-	-	10	
			Eldisnautgripir, önnur eldisjörturdýr að undanskildu	-	-	11	
			sauðfé, geitum og eldiskálfum allt að 6 mánaða gömlum; dýr af úlfaldaðett til eldis	-	-	-	
			Öll önnur jörturdýr, öll önnur dýr af úlfaldaðett	-	-	10	
			<i>Dýr af hestaðett</i>	-	-	10	
			<i>Dýr af héraðett</i>	-	-	10	
			Laxfiskar og aukategundir fiska	-	-	25	
			Hundar	-	-	25	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsóknarstofunnar: [https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports\\_en](https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en).